

## Lausnamiðaðir samráðsfundir

Haustið 2023 hóf Álfhólsskóli innleiðingu á svokölluðum lausnamiðuðum samráðsfundum (e. collaborative team meeting). Fundirnir byggja á kanadísku módeli fyrir árangursríkari samráðsfundi þar sem fókusinn er færður frá nemandanum að þeim áskorunum sem hann, og fleiri nemendur, eru að kljást við og mögulegum lausnum á þeim áskorunum. Styrkleikar nemenda eru settir í forgrunn til að hægt sé að finna út hvort eða hvernig er mögulegt að nýta þá til að vinna með þá áskorun sem

Starfsáætlun Álfhólsskóla 2024 - 2025 16

kennarinn stendur frammi fyrir. Markmið fundanna eru alltaf skýr fyrirfram og kennarar mæta vel undirbúnir (Hewson og Hewson, 2022).

Lausnaleitarfundirnir krefjast góðrar fundar- og tímastjórnunar. Hópurinn skiptir með sér hlutverkum, ritari, truflari, tímavörður og fundarstjóri. Í upphafi hvers fundar er farið yfir hvaða sigrar hafa unnist í kennslunni í kjölfar síðasta fundar og hvernig kennurum hefur gengið að innleiða þær lausnir sem ræddar voru á síðasta fundi. Kennari leggur svo fram áskorun sem hann stendur frammi fyrir og hvað liggur að baki hennar og hópurinn fer saman í hugstormun um mögulegar lausnir. Lögð er áhersla á að fá hugmyndir frá öllum en á sama tíma að halda fókusnum á það að ræða lausnir en ekki nýjar áskoranir né einstaklinga. Kennarinn velur sér svo tvær lausnir sem hann ætlar að prófa til að takast á við áskorun sína og á næsta fundi fer hann yfir hvernig það gekk.